Þorvaldur Arason bóndi á Víðimýri;

Geri kunnugt, að ég byggi Hjálmari Jónssyni á Víðimýrarseli eignarjörð mína Kirkjuhól í Seiluhreppi í Skagafjarðarsýslu, sem er 8.5 hundruð að dýrleika, með skilmálum þeim, er nú skal greina.

1.

Í leigu eftir eitt ásauðarkúgildi; sem jörðunni fylgir, skal hann vinna 6 – sex – daga á túnaslætti hjá jarðareiganda, er jarðareigandi krefst.

2.

Í landskuld af jörðunni skal hann gjalda á heimili mínu í fardögum ár hvert 6 – sex – sauði veturgamla, gelda og gallalausa.

3.

~~Að öðru leyti fer~~ Hann skal greiða alla ~~þá~~ þá skatta og skyldur, sem á jörðunni hvíla eftir lögum þeim er nú gilda eða síðar kunna sett að verða, og halda uppi öllum lögskilum af henni, landsdrottni kostnaðarlaust að öllu.

4.

Að öðru leyti fer um skyldur og réttindi landsdrottins og leiguliða eins og lög 12. janúar 1884 mæla fyrir.

6.

Með þessum skilmálum er Hjálmari Jónssyni heimil ábúð á Kirkjuhóli til fardaga 1915, og lengur, ef um semur, og skal hann þá, vilji hann halda ábúðinni framvegis, taka jörðina heima fyrir jól ár hvert, ella er hún laus úr ábúð hans í næstu fardögum á eftir, án uppsagnar af hálfu landsdrottins.

7.

Af byggingarbréfi þessu eru gerð tvö samhljóða frumrit og heldur landsdrottinn öðru, en hitt afhendist leiguliða. Skal leiguliði í hvert skipti, er hann tekur jörðina heima, hafa byggingarbréf sitt með sér, svo á það verði ritað um framlenging ábúðartímans.

---

Ég undirskrifaður Hjálmar Jónsson geng að framanskrifuðum byggingarskilmálum og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum.

Víðimýri júní 1914

Vitundarvottar: Þorvaldur Arason

Framtal 1914.

90 år = 50 mf 40 lmf. 3 kvíter

24 gimbringar.

Kyr 4 geldn. 2.

20 krøtr 3 v. og eldre

10 2–4 v.

7 vetrungar.

94 = 50 + 44. 3.

28 Seml

Kyr 4, 2 v.

12 kalla kr

2–4–10

7 v.